

**REGLUGJÖRÐ**

um

**40**  
22. apríl**breyting á reglugjörð um eyðing refa í Mýrasýslu, frá 2. júní 1921.**

Á eftir orðunum í 10. gr. „og söluhæfir eru“ bætist: Sama gjald greiði hann og fyrir hvern ref, er hann selur lifandi.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí þ. á.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1927.*

Magnús Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

**REGLUGJÖRÐ**

fyrir

**41**  
9. maí**húsmæðraskóla á Staðarfelli í Dalasýslu.****1. gr.**

Það er markmið skólans að veita stúlkum verklega og bóklega fræðslu í störfum þeim, sem íslensk húsmóðir þarf að kunna, skerpa skilning þeirra á því, hve þýðingarmikið gott heimili er, og vekja áhuga þeirra og virðingu fyrir allri nytsamri vinnu.

**2. gr.**

Námstími skólans er 9½ mánuður. Telst skólaárið frá 15. september til júníloka. Skólanum er skylt að taka á móti að minsta kosti 10 nemendum til vistar og kenslu, nema ófyrirsjáanleg forföll banni. Skal hann starfa í sambandi við vel ræktan búskap og vera sniðinn eftir fyrirmyndar sveitaheimili. Nemendur skulu taka þátt í öllum heimilisverkum, sem þýðingu hafa fyrir verklegt nám þeirra.

## 41

9. maí

## 3. gr.

Skólanum, sem er einkaskóli, stjórnar forstöðukona og hefir hún kensluna á hendi og tekur sjer til hennar aðstoð þá, sem á kann að þurfa að halda.

Reikningsár skólans er almanaksárið. Skal senda atvinnumálaráðuneytinu reikning hans fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert, ásamt skýrslu um skólann fyrir umliðið skólaár.

## 4. gr.

Eiginhandar umsókn um inntöku í skólann, sendist forstöðukonu skólans fyrir 14. maí.

Til inntökunnar útheimtist:

1. Að umsækjandi sje ekki yngri en 18 ára.
2. Að umsókninni fylgi nýgefið læknisvottorð um, að umsækjandi sje ekki haldinn neinum sjúkdómi, sem orðið geti hinum nemendunum að meini.
3. Að umsækjandi hafi unnið að minsta kosti eitt ár að almennum heimilisstörfum.
4. Að umsækjandi sje siðsöm stúlka og hafi notið almennrar barnafræðslu, sje vel læs og skrifandi, riti íslensku stórlýtalaust og hafi numið einföldustu reikningsatriði.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveim valinkunnum mönnum fyrir 1., 3. og 4. atriði skal fylgja umsókninni.

Hver námsstúlka, skal þegar hún kemur í skólann, greiða helming skólagjaldsins og setja tryggingu fyrir því, að hinn helmingur þess verði greiddur á miðju skólaári.

## 5. gr.

Í skólanum skal kenna eftirgreindar námsgreinar og haga kenslunni svo sem hjer segir:

1. *Íslenska*. Markmið kenslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenskt mál áheyrilega, tala það og rita rjett, ljóst og lipurt. Skal reynt að vekja áhuga nemendanna fyrir íslenskri tungu og bókmentum.

2. *Stærðfræði*. Kenna skal venjulegan einfaldan reikning í heilum tölum og brotum, hlutfallareikning og prósentureikning, svo og einföldustu atriði í flatarmálsfræði og rúmmálsfræði, alt sjerstaklega með tilliti til notagildis stærðfræðinnar í daglegu lífi. Í sambandi við stærðfræðikensluna skal kenna einföldustu undirstöðuatriði í bókfærslu og búreikningi og brýna fyrir nemendum hagsýni og gætni í fjármálum.

Með fyrirlesturum og að því leyti sem við á, og við verður komið með verklegum störfum og tilraunum, skal kenna eftirgreindar námsgreinar:

3. *Næringarefnafræði*. Kent skal hið helsta um efnasamsetning fæðutegundanna og notagildi þeirra.

41

9. maí

4. *Efnafræði og eðlisfræði*. Nemendurnir skulu fá fræðslu um hin helstu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar, einkum á fæðunni, sýrur, sölt, andrúmsloftið, vatnið, hita og loftþyngd. Í sambandi við þetta skal fræða nemendurna um ljósmeti, eldsneyti, sápur o. fl. efni, sem mikið eru notuð í daglegu lífi.

5. *Heilsufræði*. Kend skulu helstu undirstöðuatriði hennar og brýnt fyrir nemendum að reyna að verjast sjúkdómum með skynsamlegum lifnaðarháttum í mataræði, klæðnaði, hreinlæti o. s. frv. Ennfremur skal leiðbeint um sjúkrahjálp í viðlögum og um hjúkrun sjúkra.

Gefa skal leiðbeiningar um meðferð og uppeldi barna.

6. *Húsdýrafræði*. Kend skal sjerstaklega meðferð á nautgripum og alifuglum.

7. *Garðyrkja*. Leiðbeina skal í að velja garðstæði og kent skal hið helsta um jarðveginn, vor- og haustyrkju garða, tegundaval fræs og jurta og geymslu jarðávaxta, berja og tröllasúru (rabarber).

8. *Þjóðfjelagsfræði*. Gefa skal stutt yfirlit yfir helstu skyldur og rjettindi borgaranna.

Verkleg kensla skal fara fram í eftirgreindum námsgreinum, auk þess sem leiðbeint skal í þeim eftir föngum með fyrirlestrum og bókum.

9. *Matreiðsla*. Nemendum skal kent að búa til hollan og vel samsettan mat og að gæta hagsýni og nýtni við matreiðsluna. Sjerstaklega skal kent að matbúa innlendar fæðutegundir og brýnt fyrir nemendum að nota sem mest innlend matvæli. Auk almennrar daglegrar matreiðslu, skal kent að búa til íburðarmeiri mat eftir því sem því verður við komið. Ennfremur skal kent að gera brauð, pylsur og slátur.

Kenna skal að geyma matvæli, söltun, súrsun, þurkun, reykning, frysting og niðursuðu þeirra.

10. *Mjólkurmeðferð*. Kenna skal að mjólka kýr og ær, svo og hvernig fara skal með mjólkina og búa til úr henni smjör, skyr og osta.

11. *Hannyrðir*.

a. Saumur: Kendur skal kvennfata- og barnafatasaurur og viðgerð á fötum. Kent skal að taka mál og sníða föt.

b. Tóvinna: Leiðbeina skal í ullarverkun og undirbúningi ullarinnar undir tóvinnu og kent að kemba ull og spinna band úr henni.

c. Prjón: Kenna skal vjelprjón, handprjón og skrautprjón.

d. Vefnaður: Kenna skal algengan vefnað, sjerstaklega úr íslensku efni. Ennfremur skal kenna skrautvefnað eftir föngum. Svo skal og kent að lita voðir og fatnað.

12. *Önnur heimilisstörf*. Kenna skal að ræsta hús, húsgögn og

- 41 9. maí áhöld, þvo þvott, sljetta og sterkja lín og hreinsa fót. Kenna skal enn fremur að koma snyrtilega fyrir húsgögnum og áhöldum innanhúss og leitast við að vekja áhuga nemendanna fyrir íslensku heimilissniði. Ennfremur skal kend snyrtileg framreiðsla á mat og drykk o. s. frv.

#### 6. gr.

Nemendur allir skulu prófaðir að loknu námi. Atvinnumálaráðuneytið skipar prófdómendur við prófið.

#### 7. gr.

Í bóklegum námsgreinum eru gefnar tvær einkunnir, í íslensku og í reikningi. Skal prófið vera bæði skriflegt og munnlegt. Í íslensku skulu nemendurnir skrifa stutta ritgerð um eitthvað það, sem lýtur að námi þeirra. Í reikningi skulu tekin dæmi, sem snerta heimilishald. Skal í hvorri námsgrein tekið meðaltal af skriflega og munnlega prófinu og það gilda sem einkunn fyrir hvora námsgrein um sig.

Í verklegum námsgreinum skulu gefnar þrjár einkunnir, í matreiðslu, saumi og vefnaði. Skal handavinna nemendanna yfir skólatímann lögð til grundvallar fyrir einkuninni í saumi og vefnaði til jafns við prófsverkefnið.

Gefa skal einkunnirnar: ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, er jafngildi tölunum 6, 5, 4, 3, 2 og 1. Má auka eða minka með + eða ÷ (ágætlega verður þó ekki aukið nje afarilla minkað). Aukning þessi og afdráttur táknast í tölu með brotinu  $\frac{1}{3}$ .

Meðaltal einkunanna í hinum einstöku námsgreinum er aðal-einkunn nemandans við prófið.

#### 8. gr.

Nemendur skulu fá prófskírteini, er sýni einkunnir þeirra í hverri námsgrein, svo og vottorð um dugnað, iðni og hegðun í skólanum.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1927.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*